

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands

Ársfundarboð og meginniðurstöður ársreiknings 2014

Aðalfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands verður haldinn þann 5. júní 2015 kl: 16:00 í Aðalútibúi Landsbankans Austurstræti 11 (2. hæð, gengið inn um aðaldyr).

Dagskrá:

- Skýrsla stjórnar
- Kynning ársreiknings
- Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt
- Gerð grein fyrir fjárfestingastefnu sjóðsins
- Kosning stjórnar
- Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
- Laun stjórnarmanna
- Kjör endurskoðanda
- Önnur mál

Atkvæðaréttur sjóðfélaga telst eftir inneign þeirra og réttindum við næstliðin áramót. Rétthafar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt. Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands er einn fárra lífeyrissjóða þar sem fullkomið sjóðfélagalýðræði er á aðalfundum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á aðalfundinn og nýta atkvæðisrétt sinn.

Stjórnarkjör

Á fundinum verður kosið um tvo stjórnarmenn til þriggja ára. Um hæfi til þess að setjast í stjórn lífeyrissjóðs fer eftir 31. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til þess að bjóða sig fram til stjórnarsetu. Framboð til stjórnar skal tilkynna til Sigurgísla Ingimarssonar stjórnarformanns sjóðsins (ingimarsson@islandia.is) eða Ólafs Páls Gunnarssonar framkvæmdastjóra sjóðsins (olafurpall@landsbankinn.is)

Meginniðurstöður úr rekstri sjóðsins árið 2014

– ársreikninginn ásamt ítarlegum skýringum má nálgast á heimasíðu sjóðsins www.landsbankinn.is/ltfi

Breyting á hreinni eign 2014 (þús. kr.)

	Séreign	Sameign
Iðgjöld	113.907	53.694
Lífeyrir	74.721	10.341
Fjárfestingatekjur	179.011	46.951
Fjárfestingagjöld	4.748	681
Rekstarkostnaður	7.559	2.626
Hækkun á hreinni eign	205.890	86.997
Hrein eign	3.297.848	813.545

Kennitölur	Séreign	Sameign
Virkir sjóðfélagar	165	159
Lífeyrisþegar	34	14

Hrein eign umfram heildar-skuldbindingar	-	1,4%
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar	-	6,9%

Efnahagsreikningur 31.12.2014 (þús. kr.)

	Séreign	Sameign
Fjárfestingar	3.212.709	808.805
Kröfur	11.732	10.629
Aðrar eignir	82.026	2.578
Samtals eignir	3.306.476	822.012
Skuldir	8.943	8.467
Hrein eign	3.297.533	813.545

Ávöxtun	Séreign	Sameign
Hrein raunávöxtun 2014	4,28%	4,75%
3 ára raunávöxtun	3,79%	4,95%
5 ára raunávöxtun	4,81%	4,06%
10 ára raunávöxtun	1,45%	0,77%